

Skútustaðahreppur  
b/t Atli Steinn Sveinbjörnsson  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 11. janúar 2021  
UST202012-002/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulag fyrir Kröfluvirkjun í Skútustaðahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingartillögu á deiliskipulagi fyrir Kröfluvirkjun í Skútustaðahreppi.

Í greinargerð kemur fram að breyting á deiliskipulagi felist í því að skilgreint er niðurdælingasvæði og staðsett niðurdælingahola fyrir förgun á þéttivatni frá Kröflustöð. Niðurdælingasvæðið er 0,4 ha að stærð og er það staðsett sunnan við kæliturninn í Kröflu. Niðurdælingarholan mun vera skáboruð til vesturs. Holustaðsetningu og hönnun gerir ráð fyrir lágmarks raski á svæðinu en með skáborun verður framkvæmdasvæði haldið í lágmarki um leið og það er utan skilgreinds hverfisverndarsvæðis sem nær til gosgíganna frá Daleldum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn um tilkynningarskýrslu verkefnisins til Skipulagsstofnunar dags. 8.apríl 2020 þar sem tekin var afstaða til þess hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að skáboru fyrirhugaða holu undir gígaröðun sunnan við Kröflustöð og skáborun undir gígaröðina mun ekki valda raski á yfirborði innan hverfisverndaðs svæðisins samkvæmt aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir á hraunsvæðið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. um sérstaka vernd í náttúruverndarlögum. Því telur stofnunin mikilvægt að hvorki gígaröðirnar né eldhraunið raskist við borun og nýtingu niðurdælingarholunnar.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að tillagan hafi *óverulega áhrif á jarðmyndanir*, þ.e. „*Deiliskipulagsbreyting hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*“

Umhverfisstofnun telur, með góðum vinnubrögðum, ekki líklegt að skáborun undir hraunið valdi skaða á jarðmyndunum. Stofnunin telur mikilvægt að vel sé staðið að frágangi á borteigi að framkvæmdum loknum.

## Skiljuvatn

Í greinargerð kemur fram að það skiljuvatn sem kemst ekki ofan í borholur verði leitt út á yfirborði í Dallæk.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá dags. 8. apríl 2020 til Skipulagsstofnunar segir: „*Ekki kemur fram í greinargerð hvort halda eigi áfram að losa yfirfall skiljuvatns í Dallæk en Umhverfisstofnun telur að fjalla hefði átt um það til að greina betur frá áhrifum framkvæmdar á Dallæk. Skiljuvatnið, skv. töflu 1, hefur að geyma meira af þungmálmum og öðrum efnum sem valda uppsöfnun og útfellingum líkt og SO<sub>4</sub> og mun því áframhaldandi losun þess, án losunar þéttivatns, verða til þess að hlutfallslegur styrkur þessara efna verður meiri, þ.e. þynning verður minni.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á Dallæk og á það svæða þar sem skiljuvatnið er losað á yfirborð, þar sem að skiljuvatn getur valdið efna – og varmamengun. Stofnunin telur einnig mikilvægt að skýrt komi hvað sé áætlað að losa mikið magn skiljuvatns á yfirborðið og þaðan í Dallæk.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að vatnaáætlun fyrir Ísland er í almennri kynningu og áætlað er að áætlunin taki gildi árið 2022. Settar hafa verið fram tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur